



Efnahags – og viðskiptanefnd
Nefndarsvið
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík 11. október 2018

Málsnr: 201810-0043

Efni: Athugasemdir við drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2019.

Tollstjóri vísar til tölvupósts sem mótttekinn var þann 21. september síðastliðinn sem innihélt drög að frumvarpi til breytinga á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2019 og óskað var eftir umsögn Tollstjóra. Embætti Tollstjóra gerir neðangreindar athugasemdir við drögin.

II kafli – Breyting á lögum um gjald af áfengi og tóbaki, nr. 96/1995, með síðari breytingum.

3.gr.

Í greininni er lagt til að bætt verði inn í áfengislögin að áfengisgjald skuli lagt á í samræmi við upplýsingar um vínandamagn sem tilgreindar eru á umbúðum vöru. Tollstjóri er sammála þessari breytingu á lögnum og telur embættið mikilvægt að fram komi í áfengislögum við hvaða upplýsingar eða gögn beri að miða ákvörðun gjaldstofns áfengisgjalds.

XVIII kafli – Breyting á lögum um úrvinnslugjald, nr. 162/2002, með síðari breytingum.

26.gr.

Í drögunum eru lagðar til að breytingar á viðauka IV við lög um úrvinnslugjald. Lagt er annars vegar til að í stað 0,20 kr./kg fyrir tollskrárnúmer 2710.1920 kemur 35 kr./kg. og hins vegar að brennsluolíu (svartolíu) sem flokkast undir tollskrárnúmer 2710.1940 skal leggja úrvinnslugjald sem nemur 0,20 kr./kg.

Gert var ráð fyrir í frumvarpi til laga um úrvinnslugjald nr. 162/2002 að innflutningur á svartolíu væri á tollskrárnúmeri 2710.1920 með úrvinnslugjaldi 0,2 kr./kg, sjá t.a.m. umfjöllun um 8. grein laganna í frumvarpi til laga um úrvinnslugjald.

Tollstjóri er sammála fyrirhugðum breytingum/leiðréttingum á viðauka IV við lögin. Embætti Tollstjóra hefur tekið út innflutning á svartolíu fyrir tímabilið 1. janúar 2014 til 1. september 2018 og hefur sú skoðun leitt í ljós að svartolíu er ekki flutt inn á tollskrárnúmeri 2710.1920 eins og gert var ráð fyrir í frumvarpi til laga um úrvinnslugjald. Samkvæmt skoðun embættisins er raunin sú að svartolíu er flutt inn á tollskrárnúmeri 2710.1940.

Virðingarfyllst,
f. h. Tollstjóra

Eiríkur Ari Eiríksson
Eiríkur Ari Eiríksson
lögfræðingur á tollasviði

Íris Ósp Ingvaldsdóttir
Íris Ósp Ingvaldsdóttir
deildarstjóri lögfræðideildar tollasviðs